



Drög

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020



Maí 2008

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Aðalskipulag	4
1.2	Framsetning	4
1.3	Vinnuferli	4
1.3.1	Kynning og þátttaka hagsmunaaðila.....	5
1.3.2	Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög	7
2	Forsendur.....	8
2.1.	Staðhættir.....	8
2.1.1	Jarðfræði.....	8
2.1.2	Veðurfar.....	8
2.1.3	Gróðurfar	8
2.1.4	Dýralíf.....	8
2.2.	Þróun byggðar.....	9
2.1.5	Saga.....	9
2.1.6	Eignarhald	9
2.1.7	Landamerki.....	9
2.1.8	Íbúapróun.....	9
3	Leiðarljós og meginmarkmið.....	9
4	Verndun.....	11
4.1.	Náttúruvá.....	11
4.1.1	Vásvæði vegna ofanflóða.....	11
4.1.2	Önnur náttúruvá	12
4.2	Friðlýst svæði og önnur verndun.....	12
4.2.1	Vatnsverndarsvæði	12
4.2.2	Náttúruminjar	13
4.3.	Mengunarvarnir.....	15
4.4.	Fornleifar	16
4.5.	Hverfisvernd	18
4.6.	Umhverfismat	19
5	Byggð.....	19
5.1.	Þéttbýli	19
5.1.1	Íbúðasvæði.....	19
5.1.2	Miðbær	20

5.2	Dreifbýli.....	21
5.2.1	Lögbýli og eyðijarðir	21
5.2.2	Frístundabyggð.....	22
6	ATVINNA	23
6.1	Sjávarútvegur.....	25
6.2	Landbúnaður	26
6.2.1	Aukabúgreinar.....	27
6.3	Verslunar- og þjónustusvæði.....	28
6.4	Ferðapjónusta.....	28
6.5	Svæði fyrir þjónustustofnanir	30
6.6	Iðnaðar- og athafnasvæði.....	30
6.7	Hafnarsvæði.....	31
6.8	Efnistökusvæði	32
7	SAMGÖNGUR	33
8	VEITUR OG SORP.....	35
8.1.	Sorp.....	35
8.2.	Veitur (vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti, fráveita).....	36
9	FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL.....	37
10	OPIN SVÆÐI OG ÚTIVIST	40

1 Inngangur

1.1 Aðalskipulag

Þann 1. janúar 1998 gengu í gildi ný skipulags- og byggingarlög. Þar segir að í aðalskipulagi skuli fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Hér er mörkuð stefna um framtíðarþróun svæðisins og lagður grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög (nr. 73/1997) er fjallað um stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í viðkomandi sveitarfélagi.

1.2 Framsetning

Skipulagstillagan er sett fram í tvennu lagi:

- Skipulagsgreinargerð sem fjallar nánar um landnotkun ísveitarfélaginu og þær skyldur og hvaðir sem þar gilda.
- Uppdrættir af þéttbýli og dreifbýli þar sem afmörkun svæða og landnotkun er sýnd.

Í fyrsta hluta greinargerðarinnar er fjallað um gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna. Í öðrum hluta er fjallað um forsendur sem liggja að baki skipulagstillögunni. Í þriðja kafla eru meginmarkmið sett fram. Þar á eftir er fjallað um stefnu sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum aðalskipulagsins. Inn í stefnuna er fléttað saman mati á því hvernig skipulagið mun hafa áhrif á umhverfi og samfélag, þ.e. umhverfismati áætlana.

Önnur skipulagsgögn

Meðfylgjandi þessari greinargerð eru eftirfarandi gögn:

- Skipulagsuppdráttur
- Þemauppdrættir
- Fylgiskjöl

1.3 Vinnuferli

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst vorið 2006 en þá samdi Bolungarvíkurkaupstaður við Teiknistofuna Eik um ráðgjöf í verkefninu. Eldra aðalskipulag er frá árinu 1980 og náði það aðeins yfir þéttbýli sveitarfélagsins. Fyrir hönd Teiknistofunnar unnu Erla Bryndís Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt, Gunnar Páll Eydal, umhverfisstjórnunarfræðingur, Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt og Helga Þuríður Magnúsdóttir, nemi í umhverfisskipulagi, að aðalskipulaginu. Helstu tengiliðir við Bolungarvík voru Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur, Roland Smelt, formaður umhverfismálaráðs og Grímur Atlason, bæjarstjóri.

1.3.1 Kynning og þátttaka hagsmunaaðila


Skipulags- og byggingarlög og skipulagsreglugerð kveðja á um að skipulagstillaga sé kynnt á þremur stigum:

1. Með samráði við almenning og aðra hagsmunaaðila um mótun tillögu
2. Með kynningu á tillögu áður en hún er afgreidd frá bæjarstjórn
3. Með formlegri kynningu á tillögu eins og kveðið er á um í skipulags- og byggingarlögum.

Fyrsta áfangaskýrsla verkefnisins var lögð fram í september 2006.

Mikil áhersla var lögð á samráð og virka þátttaka íbúa og hagsmunaaðila við gerð aðalskipulagsins. Settur var á fót skipulagshópur sem vann að gerð skipulagstillögunnar undri leiðstögn ráðgjafa. Hópurinn samþykkti að gangast undir fyrirfram ákveðið verklag sem m.a. miðaði að því að skipulagstillagan tæki tillit til ólíkra hagsmuna og gilda strax frá upphafi vinnunnar. Áhersla var lögð á að fulltrúar hópsins kæmst að semeiginlegri niðurstöðu og sættust á eina skipulagslausn. Ágreiningsmál voru rædd og reynt að leysa þau áður þegar þau komu upp. Eftir stendur aðalskipulag sem nýtur víðtæks stuðnings innan sveitarfélagsins. Reynt er þó að hafa skipulagið eins skýrt og kostur er, þannig að það gagnist sem stjórnþæki fyrir Bolungarvík og hagnýtt plagg fyrir íbúa, fyrirtæki og félagasamtök. Eftirfarandi fulltrúar skipa skipulagshópinn:

- Bolungarvíkurkaupstaður:
 - Formaður umhverfismálaráðs, Roland Smelt (Jón Atli Magnússon)
- Félagsmál og íbúar
 - Félag eldri borgara, Valdimar Lúðvík Gíslason
 - Fatlaðir, Falur Þorkelsson
- Íþrótt- og útivistarfélag
 - HSB, Baldur Smári Einarsson (Rögvaldur Magnússon)
 - Hestamannafélagið Stormur, Jóhann Bragason (Jón Guðni Guðmundsson)
 - Heilsuþærin Bolungarvík, Ragnheiður Ragnarsdóttir
- Ferðaþjónusta
 - Ferðamálasamtök Bolungarvíkur, Haukur Vagnsson
- Land- og húseigendur í Skálavík
 - Hafþór Gunnarsson
- Landbúnaður
 - Sunna Reyf Sigurjónsdóttir, Ósi
- Sjávarútvegur
 - Sjávarútvegsklasi Vaxtarsamnings Vestfjarða, Daðey Einarsdóttir



Mynd 1. Skipulagshópur skipaður fulltrúum hagsmunaaðila og Bolungarvíkur.

Til að gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri voru, auk skipulagshópsins, aðrar leiðir einnig notaðar:

- Upplýsingaveita um aðalskipulagið á heimasíðu Bolungarvíkur. Þar var að finna drög að aðalskipulaginu eins og það var á hverjum tíma. Þar var einnig hægt að senda inn ábendingar og athugasemdir.
- Póstkassi í afgreiðslu á bæjarskritstofum, þar sem hægt var að skila inn ábendingum og athugasemdum.
- Fundir með íbúum, stofnunum og hagsmunaaðilum.
- Dreifibréf

Tafla 1. Fundir og þátttaka fulltrúa skipulagshópsins.

Fundir	Bolungarvíkur- kaupstaður	Félag eldri borgara	Fatlaðir	HSB	Hestamannafélagið Stormur	Heilsubærinn Bolungarvík	Ferðamaálasamtök Bolungarvíkur	Land- og húseigendur í Skálavík	Landbúnaður	Sjávarútvegur
19.6. 2007 Kynning og gögn	xx	x		X	x	x			x	
3.9. 2007. Niðurstöður fulltrúa			X			x		x	x	x
27.9. 2007. Niðurstöður fulltrúa		X	x			x			x	x
19.11. 2007 Drög að greinargerð og uppdrætti	x		x	x				x	x	

Opnir kynningarfundir

- 7. nóvember. Kynning á vinnu við aðalskipulagið á kynningarfundi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við snjóflóðavarnargarð í Bolungarvík.
- 10. febrúar. Íbúáþing í Bolungarvík.

Fundir nefnda

Halndir voru fundir með fulltrúum bæjarráðs og kjörinna nefnda í Bolungarvík. Nefndirnar unnu að stefnumörkun sem til umræðu var í skipulagshópnum. Yfirlit yfir fundi nefnda og ráða í Bolungarvík:

- Fundur með umhverfismálaráði 17.5. 2006 – kynning á skipulagsvinnunni.
- Fundur með umhverfismálaráði 12.9. 2006 – kynning á skipulagsvinnunni.
- Fundur með bæjarráði haldinn 19.9. 2006 - Verklag og stefnumörkun.
- Fundur með formönnum nefnda 1. Febrúar 2007 – Stefnumörkun.
- Fundur með bæjarstjóra og hafnarstjóra 17.4. 2007 – Hafnarsvæðið.
- Fundur með bæjarstjóra 25.5. 2007 – Staðan í skipulagsvinnunni.
- Erindi fyrir kjörna fulltrúa 30.1. 2008 – Verndun minja.
- Fundur með formönnum nefnda 2.4. 2008 - Stefnumörkun

1.3.2 Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög

Í skipulagsreglugerð kemur fram að við aðalskipulagsgerð skuli hafa samráð við eftirfarandi stofnanir. Þessum aðilum voru send bréf í lok maí 2006 þar sem greint var frá aðalskipulagsvinnunni og viðeigandi upplýsinga óskað. Talsvert magn upplýsinga hefur nú þegar borist skipulagsráðgjafa frá þessum stofnunum.

- Flugmálastjórn
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Kirkjugarðaráð
- Landbúnaðarráðuneytið
- Landsnet
- Orkubú Vestfjarða
- Siglingastofnun
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofu Íslands
- Vegagerðina

Drög að skipulagstilögum voru kynnt fyrir Ísafjarðarbæ sem er eina aðliggjandi sveitarfélagið.

Auk þess var haft samráð við fleiri stofnanir og fagaðila samhliða skipulagsvinnunni.

Drög að skipulagsgreinargerð lágu fyrir í nóvember 2007.

2 Forsendur

Í þessum hluta er greint frá helstu forsendum sem lagðar eru til grundvallar fyrir gerð aðalskipulagsins s.s. staðháttum og þróun byggðar. Nokkuð af upplýsingum er snerta náttúrufar og aðra grunnþætti sveitarfélagsins eru ekki fyrirbyggjandi. Mikilvægt er að hraða öflun þessara gagna og færa niðurstöður inn í aðalskipulag Bolungarvíkur.

2.1. Staðhættir

2.1.1 Jarðfræði

2.1.2 Veðurfar

2.1.3 Gróðurfar

2.1.4 Dýralíf

2.2. Þróun byggðar

2.1.5 Saga

2.1.6 Eignarhald

2.1.7 Landamerki

2.1.8 Íbúapróun

3 Leiðarljós og meginmarkmið


Hraustur bær – traustur bær

Leiðarljós skipulagshópsins er að í Bolungarvík verði heilbrigt og fjölskylduvænt samfélag með góðu aðgengi að heilnæmu og fallegu umhverfi. Boðið verði uppá einstaklingsmiðaða þjónustu í samfélagi sem hæfir öllum íbúum þess. Að í sveitarfélaginu þrífist fjölbreytt, kröftugt og skapandi atvinnulíf sem byggir á öflugum innviðum og þeim grunni sem þegar er til staðar.

Niðurstöður skipulagshóps

Helstu ágreiningsmál hagsmunaaðila samkvæmt fyrstu greiningu fulltrúa í skipulagshópnum. Númerin í töflunni vísa til spurninga sem lagðar voru fyrir félögin.

	a	b	c	d	e	f	G	h
Leiðarljós	■							
Verndun náttúru	■	■	■	■	■			
Verndun menningar- verðmæta	■	■	■	■	■	■		
Náttúruvá	■	■						
Mengunarvarnir	■	■	■	■	■			
Byggð í þéttbýli	■	■	■	■				
Miðbær	■	■	■	■	■			
Byggð í dreifbýli	■	■	■	■	■	■	■	
Atvinna	■	■	■	■	■	■	■	■
Samgöngur	■	■	■	■				
Veitur og sorp	■	■	■	■	■			
Félags- og velferðarmál	■	■	■	■	■			
Opin svæði og útivist	■	■	■	■				



Lítill ágreiningur milli hagsmunaaðila

Nokkur eða takmarkaður ágreiningur

Talsverður ágreiningur hagsmunaaðila

4 Verndun

Í þessum hluta er fjallað um verndun gegn náttúruvá, verndun náttúru, auðlinda og menningarminja.

4.1. Náttúruvá

Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðarís og fárviðri.

4.1.1 Vásvæði vegna ofanflóða

Samkvæmt reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats skal sveitarstjórn láta meta hættu á ofanflóðum hafi ofanflóð fallið á byggð eða nærri henni ef hætta er talin á slíku. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Við afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa og við gerð deiliskiplags á svæðum þar sem ofanflóð eru líklega og ekki er til hættumat skal sveitarstjórn setja fyrirvara um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða (505/2000 m.s.b.).

Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins. Samkvæmt reglugerðinni um hættumat er óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg skv. reglugerð. Ef heimildir greina frá ofanflóði skal gera bráðabirgðahættumat fyrir viðkomandi svæði.

Gert hefur verið hættumat fyrir þéttbýlið í Bolungarvík og hesthúsasvæðið auk bráðabirgðahættumats fyrir ákveðin lögbýli, sjá skipulagsupprátt.

Snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. Blaut flóð, krapaflóð, geta þó fallið í minni halla. Yfirleitt má miða við að byggingarsvæði teljist utan hættusvæða ef úthlaupshorn er undir 15°. Þetta á þó ekki við um krapa- og aurflóðahættu neðan gilskorninga. Úthlaupshorn er hornið frá viðkomandi stað upp í upptakasvæði flóðs.

Hættusvæðunum er skipt í þrennt út frá staðaráhættunni, þ.e. hættusvæði A sem afmarkast af jafnáhættulínunum 0,3 - 1 af 10.000, hættusvæði B sem afmarkast af jafnáhættulínunum 1 - 3 af 10.000 og hættusvæði C þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000. Neðan hættumatslínu er árleg staðaráhætta minni en 0,3 af 10.000. Samkvæmt reglugerðinni er heimilt að tryggja

Öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B en á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnavirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að hesthúsabyggðin og stöð Orkubús Vestfjarða verði flutt á öruggt svæði eða varnir byggðar.

Óvissa er um snjóflóðahættu á svæðum sem ekki hafa verið hættumetin. Gera þarf fyrirvara á aðalskipulaginu vegna þessa.

4.1.2 Önnur náttúruvá

Svæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun. Gera verður hins vegar ráð fyrir náttúruvá vegna flóða í ám og frá sjó, fárviðris, hafískomu og lagnaðariss.

Landleysi á láglandi og frekari nýting lands í framtíðinni getur leitt til uppbyggingar á landfyllingum. Búast má við auknum öfgum í veðurfari og hækkandi sjávarborði með tilheyrandi áhrifum á byggð og mannvirki.

Landbrot er víða við þéttbýli. Sjóvarnaráætlun Siglingastofnunar sem unnin er í samvinnu við Bolungarvíkurkaupstað gerir ráð fyrir vörnum á öllum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins. Varnargarðarnir eru sýndir á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti.

Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun.

Stefna

- ✓ Allir íbúar sviatarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár.
- ✓ Landnýting taki tillit til náttúruvár.

4.2 Friðlýst svæði og önnur verndun

4.2.1 Vatnsverndarsvæði

Reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Samvæmt reglugerðarinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess. Skilgreina skal langtímamarkmið fyrir vatn og skulu þau koma fram á aðalskipulagsuppdrætti. Jafnframt skal skilgreina vatnsverndarsvæði vatnsbóla.

Vatnasvið vatnsbólanna, þ.e. vatnsverndarsvæðið, skiptist í brunnsvæði sem er næst vatnsbólunum, grannsvæði sem er þar fyrir utan og fjarsvæði sem eru fjærst. Reglugerðir 533/2001 og 913/2003 tilgreina takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðisins.

Búið er að kortleggja vatnsverndarsvæði fyrir þéttbýli Bolungarvíkur (Jón Reynir Sigurðsson 1999), og eru þau merkt inn á skipulagsuppdrátt. Vinna við flokkun vatns samkvæmt ofangreindri reglugerð er hins vegar ekki hafin í Bolungarvík. Til að sú vinna

geti hafist þarf að kortleggja álagsþætti, þ.e. þá þætti sem valdið geta álagi á vatnasvæðum, td. þéttleika byggðar og starfsemi á svæðinu. Jafnframt þarf að greina ástand vatnsins með tilliti til mengunarefna. Þá skulu metnar afleiðingar ástandsins á lífríki, heilsufar og fleira. Út frá þessum gögnum skilgreinir heilbrigðisnefnd langtímamarkmið og vinnur aðgerðaráætlanir.

I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

II. flokkur. Grannsvæði.

Á grannsvæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarhúsa eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Stefna

MARKMIÐ

- Íbúar sveitarfélagsins eigi kost á nægu heilnæmu og ómengduðu vatni til neyslu og annarra nytja.
- Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.

LEIÐIR

- Flokkun vatns í samræmi við reglugerðir.

Nánar er fjallað um mengun og vatnsgæði í kaflanum um mengunarvarnir.

4.2.2 Náttúruminjar

Samkvæmt lögum um náttúruvernd 44/1999 skiptast náttúruminjar í tvo megin flokka:

1. Náttúruverndarsvæði

- Friðlýst svæði: þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti

- Önnur svæði og náttúruminjar sem eru á náttúruminjaskrá.
- Afmörkuð svæði og náttúrumyndanir sem njóta vagnar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

2. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta auk þess sérstakrar verndar samkvæmt lögnum og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun
- Stöðuvötn og tjarnir, 1000 m² að stærð eða stærri
- Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² eða stærri
- Sjávarfitjar og leirur

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að slíkum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað.

Í *náttúruminjaskrá* eru upplýsingar um friðlýst svæði auk svæða og fyrirbæra sem rétt þykir að vernda. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Öll ræktun útlendra plöntutegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar og alls staðar ofan við 500 m.y.s. verndar samkvæmt 10 gr. Reglugerðar nr. 583 / 200 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Innan skipulagssvæðisins er eitt svæði á náttúruminjaskrá (7. útgáfu):

Gil í Syðridal, Bolungarvík. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal. (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer.

Náttúrulegt umhverfi í Bolungarvík, frá fjöru að fjallstoppum, er áhrifamikið, fjölbreytt og sérstakt. Allt frá landnámi hefur náttúran staðið undir búsetu á svæðinu. Í seinni tíð hefur gildi náttúrulegs umhverfis breyst og náttúrulegt umhverfi er nú mikilvægur hluti af lífsgæðum íbúa auk þess að vera krafa ferðamanna. Fjölbreyttari afþreying og landnotkun eykur hins vegar álag á náttúruna á þessu takmarkaða landsvæði. Mikilvægt er því að marka skýra stefnu um verndun náttúru og aðra landnotkun í sveitarfélaginu og gæta þess að ekki verði hagsmunaárekstrar.

Mikilvægt er að halda í sérkenni og yfirbragð svæðisins og þannig laða að fólk bæði til búsetu en einnig ferðamenn. Slík stefna mun einnig styrkja rótgróna atvinnuvegi, þ.e. landbúnað og sjávarútveg, og varðveita sögu og menningu svæðisins.

Stefna

- Að öll landnýting og nýting lifandi náttúru verði sjálfbær, þ.e. í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif. Jafnframt verði tekið tillit til efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra þátta við ákvarðanatöku.
- Vernda og endurheimta sérkenni svæðisins.
- Stuðla að og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika tegunda og vistgerða.
- Vernda landslagsheildir og sérstæðar jarðmyndanir.
- Tryggja aðgengi að náttúru svæðisins.
- Auka þarf meðvitund íbúa um náttúru svæðisins og helstu sérkenni hennar og hvetja til útivistar og góðrar umgengni.
- Stýra umferð inn á skilgreindar leiðir og svæði. (sjá m.a. kafla 7 og uppdrátt).
- Gera verndaráætlanir fyrir vernduð svæði í sveitarfélaginu.
- Vinna með atvinnulífi að sjálfbærri þróun.

Skoða betur

- Landgræðslu, einkum á sandinum. Óskað var eftir umsögn landgræðslunnar.
- Hvaða svæði á að vernda: Bólin, Námurnar í Syðridal, Syðridalsvatn, Hnúka, Stigahlíð, sandinn (viðkvæmur fyrir átroðningi) , Ósvör, Óshóla, Vatnsnes, Gilsnámu, kirkjuna, Hólinn, Skálavík (verstöðvaminjar).
- Hólsá áfram grænt svæði – skilgreina nánar hvað á að vera þar. Veiði?

4.3. Mengunarvarnir

Í gildi eru lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að og fjalla um mengun. Hér á eftir eru nokkur dæmi um slík lög:

- Lög nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar
- Lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó

Stefna

Bolungarvíkurkaupstaður mun kappkosta að framfylgja þeim lögum og reglum sem gilda um mengunarvarnir. Sveitarfélagið mun auk þess stuðla að því að íbúar og gestir sveitarfélagsins geti notið heilnæms umhverfis. Sveitarfélagið mun einnig stuðla að minni hnattrænni mengun. Áhersla á mengunarvarnir hefur jákvæð áhrif á íbúa og undirstöðuatvinnugreinar á svæðinu.

Markmið

- ✓ Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt andrúmsloft samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt verði stuðlað að minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda og annarrar mengunar sem hefur áhrif á heimsvísu. Íbúar
- ✓ Bolungarvíkur búi við heilnæmt vatn, til neyslu og annara nytja, samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- ✓ Mengun á ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún skerði ekki vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- ✓ Sjávarfang úr hafinu í nágrenni Bolungarvíkur verði ávalt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda.

Leiðir

- ✓ Vinna að staðardagskrá 21
- ✓ Áhersla verði á lífrænar mengunarvarnir.

Nánar er fjallað um mengun í kafla 8, veitur og sorp.

Skoða betur

- Bæta vatnsgæði í Bolungarvík – e.t.v. úr væntanlegum Óshlíðargöngum.
- Við Hólsárveitu er starfsemi fyrir ofan inntakið, s.s. búskapur, vélar og tæki.
- Aðgerðir í fráveitumálum m.t.t. evrópureglna.
- Aðgerðir til að draga úr mengun við höfnina, einkum úrgang frá fiskvinnslu.
- Loka urðunarstað við Hólsgröfju.

4.4. Fornleifar

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Minjar sem eru eldri en 100 ára eru að jafnaði taldar til fornleifa og eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum. Sumar fornleifar eru jafnframt friðlýstar sérstaklega, einnig er hægt að friðlýsa yngri minjar skv. 9. grein þjóðminjalaga 107/2001. Rétt er að hafa í huga að margar minjar nálgast 100 ára aldur og því mun fornleifum fjölga hratt á næstu árum miðað við núgildandi lög. Í 11. grein Þjóðminjalaga segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Eitt helsta markmið með fornleifaskráningu er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskrá tilgreinir m.a. minjagildi, hættumat og ástand viðkomandi minja auk þess að tilgreina hvort friða og merkja beri þær.

Kerfisbundin skráning fornleifa í Bolungarvík hófst sumarið 1996 og hefur nú stór hluti sveitarfélagsins hefur verið skráður kerfisbundið m.t.t. fornleifa (Fornleifastofnun Íslands 2000). Í fornleifaskránni er miðað við jarðarskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðartali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar með sama hætti og þar.

Í Fornleifaskrá eru skráðir allir þeir staðir sem eru taldir heyra undir þjóðminjalög, en í einhverjum tilvikum kunna að vera að skráðir staðir sem ekki heyri undir þessi lög. Komi það í ljós skal staðurinn felldur úr Fornleifaskrá. Skráin er ekki tæmandi og því kunna að vera fornleifar á svæðinu sem ekki eru í skránni. Finnist ókunnar fornleifar skal skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum skv. 13. grein þjóðminjalaga. Metin er hætta á að

Niðurstöður skipulagshóps

fornleifaar geti eyðst af manna- eða náttúrulegum völdum, með svokölluðu hættumati. Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastaðum, að öðrum kosti skal tilkynna Fornleifavernd um framkvæmdir með góðum fyrirvara.

Niðurstöður eru birtar á þemakorti.

Tafla x. Fjöldi minjastaða og hættumat flokkað eftir jörðum.

Jörð	Fjöldi minjastaða	Ekkert	Engin	Lítill	Hætta	Nokkur	Talsverð	Mikil/stór
Tröð	17	1	1	2	1	5	1	4
Ytri búðir	20					1		
Hóll	29		4		1	1		5
Grundarhóll	1							
Árbær eða heimari Búðir	11							
Landalifur	1							
Miðdalur	10		3		2			2
Tunga (Þjóðólfstunga)	9		9					
Meirihlíð	12		7		5			
Minnihlíð	13		11		2			
Hanhóll	15		8		1			
Gil	12		10		1			
Ós	17		13		2			
Meiri Bakki	18		7		3			
Minni Bakki	31		18					
Breiðaból	21		17					
Kroppstaðir	9		8		1			
Meirahraun	10		9					
Minna Hraun	10		7					

Í Bolungarvík, sem er ein elsta verstöð landsins hafa nú verið skráðar yfir 300 minjar. Skilningur manna á nauðsyn þess að vernda minjastaði og skrá upplýsingar um þá hefur aukist mikið síðustu ár. Á norðanverðum Vestfjörðum er tækifæri til að rannsaka

búskaparhætti, byggingarlag og lifnaðarhætti á norðanverðum Vestfjörðum, því byggð hefur minnkað.

Friðlýstar minjar

Einu friðlýstu fornminjararnar í sveitarfélaginu eru fornar rústir í Vatnsnesi.

Friðaðar byggingar

Hólskirkja er eina húsið í Bolungarvík sem er á skrá yfir friðuð hús. Hólskirkja er timburhús reist 1908, tilsníðin í Noregi, og hönnuð af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekti. Hún var friðuð 1. Janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. Gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Stefna

Varðveita ber með sýnilegum hætti rótgróna sögu og menningu svæðisins. Slík stefna leiðir af sér aðlaðandi umhverfi og styður við ferðabjónustu og fleiri atvinnuvegi. Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, ellegar tilkynna fornleifavernd það góðum fyrirvara. Jafnframt ber að stöðva verk og tilkynna fornleifavernd komi fornleifar í ljós við framkvæmdir, skv. 13. Grein Þjóðminjalaga.

- Einstaklingar eða félög komi að rekstri og uppbyggingu gamallra húsa.
- Við enduruppbyggingu húsa verði áhersla lögð að hafa gott aðgengi fyrri alla Búsetulandslag, þ.e. það það umhverfi sem manns-höndin hefur mótað með athöfnum sínum í gegnum tíðina, verði verndað. Bolungarvík á sér langa sögu sem nær allt frá landnámi Þuríðar Sundafyllis. Upplýsa þarf íbúa og gesti um þessar sögur.
- Lautunum ber að halda óbyggðum. Þær eru dæmi um landslagssérkenni sem hafa skapað vettvang fyrir ýmiss konar athafnir manna. Bent var á hús sem þátttakendur töldu hafa varðveislugildi fyrir bæjarfélagið og sögu þess. Þá var einnig rætt um þjóðsögustaði eða menningarminjar sem vert væri að halda til haga, merkja og gera meira úr en nú er gert.
- Leggja á áherslu á Vatnsnes, (landnámsbær Þuríðar), Gilsnáman, Verstöðvaminjar í Skálavík, kirkjan og Hóllinn.
- Varðveita fiskhjalla.

4.5. Hverfisvernd

Í skipulagsáætlunum getur sveitarstjórn sett sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Þau kveða á um verndun sérkenna vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Hverfisvernduð svæði eru merkt á skipulagsuppdrætti:

Skálavík

4.6. Umhverfismat

Umhverfismati er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun og að metin séu áhrif ráðgerðra framkvæmda á umhverfið (hið náttúrulega, félagslega og efnahagslega).

Mat á umhverfisáhrifum áætlana

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105 / 2006 skal meta hvaða áhrif aðalskipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Bera á saman áhrif mismunandi kosta og til að ná markmiðum aðalskipulagsins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlun en óheimilt er að staðfesta skipulagsáætlunir nema ákvæða um lög um mat á umhverfisáhrifum hafi verið gætt. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtasverð áhrif á umhverfið.

5 Byggð

Í þessum hluta er fjallað um byggð í Bolungarvík, helstu breytingar á byggðamynstri og þróunarmöguleika byggðarinnar í þéttbýli og dreifbýli.

Íbúum hefur fækkað á skipulagstímanum, þ.e. frá 1980. Byggðapróunina verður m.a. að skoða í ljósi þeirra breytinga sam orðið hafa í atvinnuháttum, sem einkennst hafa m.a. af samdrætti í fiskveiðum en sókn á öðrum sviðum atvinnulífsins.

Meginmarkmið

- Boðið verði upp á fjölbreytta byggð með aðlaðandi miðsvæði, sterkum sérkennum og góðum tengslum við umhverfið og náttúruna.
- Í dreifbýli verði skýrt skilgreind svæði fyrir frístundabyggð, sumarhús, verndun og aðra landnotkunarflokka.

5.1. Þéttbýli

5.1.1 Íbúðasvæði

Skipulagið gerir ráð fyrir fjölgun íbúa, eða allt að 1500 íbúum. Forsendur fyrir fólksfjölgun eru bættir innviðir.

- Boðið verði upp á fjölbreyttar gerðir af húsum, byggingalóðum og umhverfi íbúðarsvæða.
- Íbúðarsvæði verði á öruggum svæðum m.t.t. náttúruvár.
- Byggð verði þétt, m.a. við Hlíðarstræti, norðan Grænuhlíðar, norðan gatnamóta Aðalstrætis og Brimbrjótsgötu, vestan við tónlistarskóla, á reit á milli Aðalstrætis og Hafnargötu sunnan við Skólastíg, á svæði sunnan við Hólsá, austan við Þuríðarbraut, á gatnamótum Þjóðólfsvegjar og Hjallastrætis og nyrst á milli Bakkastígs og Hafnargötu.
- Ný byggð verður m.a. á Mölunum, við Hreggnasa og Gryfju, við Grundir, Hólinn og á Sandi. Einnig í brekkunni neðan við kirkju, á svæði sunnan við Þuríðarbraut og á svæði Loðnubræðslunnar.
- Íbúðarsvæðin skulu skipulögð með þarfir gangandi og hjólandi vegfarendur í huga.
- Eldri og ný íbúðarsvæði skulu hafa góð góða tengingu við útivistarsvæði. Sérstök áhersla verði á að varðveita náttúrulega sérkenni, svo sem lautirnar.
- Íbúðarsvæðin skulu skipulögð með góðu aðgengi fyrir fatlaða.

5.1.2 Miðbær

- Áhersla er lögð á að miðbærinn sé sýnilegur, líflegur, vistvænn, jákvæður, hressilegur og hlýlegur.
- Aðalskipulagið gerir ráð fyrir þéttingu byggðar í miðbænum.
- Búa ætti til meira skjól með trjám og rósarunnum, bekkjum og leikaðstöðu fyrir börn og fullorðna.
- Lögð er áhersla á að allir hafi aðgengi og afnot af svæðinu, sem leiðir af sér góðan miðbæjarbrag.
- Hinn eiginlegi miðbær eða hjarta bæjarins er við félagsheimilið og verkalýðsgarð, sitt hvoru megin við Aðalstræti frá Skólastíg að Ráðhúsi. Gert er ráð fyrir bæjartorgi fyrir ofan Verkalýðshúsið og innan verslunarmiðstöðvar. Svæðið markist af Vítastíg að norðan, Hafnargötu að austan, Skólastíg að sunnan og að vestan af stíg sem liggur í suður frá Miðstræti. Skipulag miðbæjarsvæðis á að ná til enn stærra svæðis, þ.e. svæðisins meðfram Aðalstræti, frá gatnamótum Höfðastígs að gatnamótum norðan við ráðhús. Einnig má hugsa sér miðbæinn í nágrenni við höfnina, kjarna t.d. á svæðinu á milli Náttúrstofu, félagsheimilis og íprótt húss, jafnvel inn að á. Svæðið skiptist þannig í tvö megin svæði: Hið eiginlega hjarta bæjarins syðst og verslunar- og þjónustusvæði nyrst.
- Miðbærinn á að vera samkomustaður þar sem bæjarbúar koma saman við ýmis tækifæri ýmist innan eða utan dyra. Svæðið yrði því skipulagt sem torgsvæði eða garðsvæði rammað inn af félagsheimilinu og öðrum byggingum og/eða gróðri. Annars vegar væri hægt að hugsa sér tvö minni torgsvæði sitt hvoru megin við Aðalstræti og hinsvegar eitt samfelld torgsvæði sem flæddi yfir Aðalstræti. Í byggingum umhverfis torgið/torgin væru t.d. félagsheimili, tónlistarskóli,

veitingahús, kaffihús, smáverslanir, handverkshús, gallerí og önnur miðbæjarstarfsemi.

- Meðfram Aðalstræti, frá félagsheimili að ráðhúsi, verði svæði fyrir stofnanir, verslanir og aðra þjónustu. Fyllt verði upp í eyður til að afmarka betur göturými Aðalstrætis. Að hluta til er hægt að gera það með byggingum og að hluta til með trjám og öðrum gróðri. Akreinar Aðalstrætis verði þrengdar og göngusvæði breikkað og hellulagt. Þungaumferð fari frá götunni. Gróðri og bekkjum verði komið fyrir á göngusvæðinu. Strætið verði þannig gert gönguvænna og meira aðlaðandi, eftir endilöngum miðbænum. Lögð var áhersla á að aðkomur inn miðbæinn að sunnan og norðan verði auðkenndar og fegraðar. Megingöngutengsl að miðbænum og í gegnum miðbæinn niður að höfn verði einnig gerð sýnileg og aðgengileg.
- Bærinn og hafnarsvæðið á að vera fyrir fólk og atvinnu.

5.2 Dreifbýli

5.2.1 Lögbýli og eyðjarðir

Búsetumynstrið hefur verið í stöðugri þróun til okkar daga. Þróunin hefur verið hægfara allt þar til á síðustu öld. Um aldir voru sveitirnar þétt setnar, stór býli voru fá en minni býli, hjáleigur, tómthús og þurrabúðir í miklum meirihluta. Þegar leið á öldina fækkaði býlum og stærð þeirra varð jafnari og þau minnstu fóru í eyði. Býlin héldu áfram að stækka og undir lok aldarinnar voru þau orðin fá en stór.

Síðari ár hefur eftirspurn eftir heilsársbúsetu í dreifbýli aukist. Sækjast menn þá einkum eftir búsetu en sækja atvinnu í þéttbýlið. Í sumum tilvikum er um tvöfalda búsetu að ræða, þ.e. einstaklingurinn eða fjölskyldan rekur eitt heimili í þéttbýli en annað í dreifbýlinu og sækir þaðan jafnvel vinnu að hluta til. Í öðrum tilvikum er um fasta búsetu að ræða, þ.e.a.s. atvinna sótt annað en ekki stundaður hefðbundinn landbúnaður. Segja má að eftirspurn eftir hjáleigum, tómthúsum eða þurrabúðum sé að endurtaka sig.

Skv. Jarðalögum 81/2004 merkir lögbýli sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Ný býli sem hljóta viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins geta einnig talist lögbýli.

Eyðijörð er samkvæmt Jarðalögum 81/2004 “jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð”.

Stefna

- Landbúnaðarland verði ekki skert nema að takmörkuðu leyti. Eyðjarðir má nytja til landbúnaðar ef á þarf að halda.
- Margs skonar afþreyingarmöguleikar geta tengst eyðijörðum, t.d. sveitagisting fyrir ferðaþjónustu.
- Bæjarfélagið eignist eyðjarðir, þannig að nýtingarétti sé ráðstafað af bæjarfélaginu.
- Umhverfi í dreifbýli sé snyrtilegt og ónýtt marnnvirki fjarlægð, en þess þó gætt að menningarverðmætum sé ekki fargað.

- Skýrt sé í aðalskipulaginu hvernig hver jörð skuli nýtt (sjá uppdrátt).

5.2.2 Frístundabyggð

Aukin eftirspurn hefur verið á landinu síðustu ár eftir frístundahúsum og tilheyrandi landi. Hér er lögð áhersla á að frístundasvæði skarist ekki á við aðra landnotkun með tilheyrandi áresktrum til lengri tíma litið.

Við byggingu sumarhúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflunni hér að neðan. Í hverfisverndarákvæðum Skálavíkur er kveðið á um útlit og stærð frístundahúsa þar.

Lágmarksfjarlægð fyrir sumarhús.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50m
Vatnsbakki	50m
Fornminjar	20m
Loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar.	500m
Veitulagnir	25m
Stofn- og tengivegir	100m
Aðrir vegir	50m

Ofanflóðahætta takmarkar sumarhúsabyggð. Hættumat liggur ekki fyrir og því er ekki vitað með vissu hvaða svæði koma til greina undir frístundabyggð. Snjóflóð hafa náð að stöðvarhúsi Reiðhjallavirkjunar. Undir austanverðum Erninum er ofanflóðahætta og íbúðarhúsið á Geirastöðum fór í aurksriðu. Í norðaustan átt blæs sandi yfir á þetta svæði. Þessa þætti þarf að taka til athugunar ef skoða á möguleika á frístundabyggð á þessu svæði.

Stefna

Sumarhúsabyggð á ekki að vera í þéttbýli vegna þess að þá verða of mörg hús sem ekki eru notuð stóran hluta úr ári. Einnig þarf að gæta þess að sumarhús séu ekki á ræktuðu landi. Gert er ráð fyrir frístundabyggð á eftirtöldum stöðum:

- Skálavík. Milli golfvallar og Syðridalsvatns. Stutt í veiðar, golf, fjallgöngu, kajak og skauta. Hjólastígur frá svæði niður í miðbæ.
- Á Mölum og Hreggnasa, í bland við byggðina.
- (Sandurinn og Tungudalur eru ekki heppileg sumarhúsasvæði.)
- Nýta má eyðibýli sem sumarbústaði.
- Í Syðridal er nú skipulagt frístundasvæði en það er á versta stað m.t.t. snjóflóða og grjóthruns. Taka þarf tillit til vatnsverndarsvæðis og hættumatslína á Hanhóli og Miðdal. Ráðgjafar skoða þetta skipulag.
- Sumarhúsasvæði eiga heima á öruggum svæðum í náttúrulegu umhverfi.
- Sumarhúsasvæði eiga að vera snyrtileg og falla vel að annarri landnotkun, t.d. ferðapjónustu.

- Svæðin eiga ekki að vera of þétt og verða að falla inn í umhverfið. Í aðalskipulaginu verða sett ákvæði um stærð, útlit, og yfirbragð sumarhúsa.
- Búa ætti til meira skjól með trjám og rósarunnum, bekkjum og leikaðstöðu fyrir börn og fullorðna við sumarhúsasvæðin.
- Skoða á möguleika á annars konar búsetumöguleikum, t.d.
 - Að fólk geti átt lögheimili í sumarhúsum
 - Vistvæna ræktun
 - Bolungarvík skal gera fötluðum og öryrkjum, sem þurfa sérhæft húsnæði eða þjónustu, kleift að búa í bænum og vinna að því að fatlaðir einstaklingar sem kjósa að búa hér, fái þá þjónustu sem hentar hvort sem kostnaður er á hendi ríkis eða sveitarfélags.
- Frístundasvæðin eru skipulögð með fyrirvara um hugsanlega náttúruvá vegna ofanflóða.

Skálavík

Umferð um Skálavík hefur aukist og búast má við frekari aukningu í framtíðinni. Þar eru eftirsótt gæði: Útsýni, friðsæld, gott berjaland o.fl. Leggja á áherslu á útivist og bætt aðgengi og þjónustu. Fólk hefur lent í vandræðum á vanbúnum bílum og kallað eftir aðstoð. Laga ætti veginn og gera hann greiðfæran fyrir hjólhýsi, tjaldsvagna og fellihýsi. Gera ætti ráð fyrir tjaldsvæði fyrir slíka vagna. Einnig þarf að vera gott snúningspláss til staðar og bílastæði þar sem vegurinn endar og þannig stýra umferðinni. E.t.v. mætti setja upp rafstöð og virkja ána í Skálavík.

6 ATVINNA

Í þessum hluta er fjallað um atvinnumál og þróunamöguleika í þéttbýli og dreifbýli Bolungarvíkur. Fjallað er um stefnu í uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum, svæðum fyrir þjónustustofnanir, iðnaðar- og athafnasvæðum og efnistökusvæðum.

Talsverðar breytingar hafa verið í atvinnulífi í Bolungarvík á gildistíma síðasta aðalskipulags (1980-2000). Minnkandi aflaheimildir, fráveitumál v/gæða fiskafurða, erfið nýliðun í landbúnaði, hár flutningskostnaður, óstöðugt rafmagn og erfiðar gagnaflutningsleiðir (engar varaleiðir) hafa haft neikvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu.

Stefna

Mikilvægt er að skýr stefna í atvinnumálum sé mörkuð í aðalskipulaginu.

Skipulagshópurinn ræddi um kosti og galla framtíðarsýnar sem byggði á hreinleika og sérkennum náttúrunnar á svæðinu. Ímynd hreinleika er til staðar. Hér felast tækifæri í

landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu á þessum forsendum. Einnig í landrými og lítilli starfsmannaveltu. Annað sjónarmið, sem fram kom innan skipulagshópsins, er að sveitarfélagið hafi ekki efni á að leggja mikla áherslu á náttúruvernd. Á íbúðinginu var stóriðja var aðeins nefnd í því samhengi að Vestfirðir ættu að vera án stóriðju og nær væri að líta til annarra tækifæra.

Fiskiðnaður og ferðaþjónusta geta styrkt hvort annað, sjávarútvegur og önnur þjónusta geta styrkt hvort annað, ferðaþjónusta og landbúnaður styrkja hvort annað. Stór iðnaður sem ekki er fyrir á svæðinu gæti haft neikvæð áhrif landbúnað og ferðaþjónustu og sjávarútveg.

- Léleg grunngerð hefur háð atvinnulífinu – bæta þarf öryggi.
- Komið verði á tengslaneti til upplýsingaröflunar.
- Hugmyndasamkeppni til atvinnusköpunar.
- Gera heildræna úttekt á starfi listasmíðju og handverki með það að leiðarljósi að fjölga störfum.
- Listabærinn Bolungarvík.
- Fjölskyldubærinn Bolungarvík
- Byggja sterkar stoðir undir þann atvinnurekstur sem fyrir er og ná í nýjan.
- Auka skilning á sjálfbærri þróun meðal íbúa Bolungarvíkur
- Athugað verði hvort til sé laust húsnæði til atvinnurekstrar og hvort hægt sé að koma því í rekstur
- Sprotafyrirtæki af öllum tegundum vaxa og dafna.
- Starfsemi Náttúrustofu eflid.
- Auka skilning á sjálfbærri þróun meðal íbúa Bolungarvíkur.
- Gera millilið á milli ... Ég þekki mann sem þekkir mann...
- Mótuð verði þjónustustefna fyrir höfnina sem tekur mið af þörfum smábátasjómannanna og stærri skipa svo og ferðamanna.
- Aukin skógrækt.
- Fiskeldi
- Skólabúðir fyrir efstubekki grunnskóla til að kynna fyrir þeim atvinnulífið og atvinnusögu Íslendinga.
- Nýta sérþekkingu íbúa af erlendu bergi, t.d. Handavinnu, tungumálum og erlend tengsl.
- Bolvíkingar verði sérfræðingar í gerð kennsluefnis á margmiðlunarformi.
- Byggð verði upp þekking íbúa á almannatengslum(vera jákvæð)
- Minjagripagerð, efling Listasmíðju og Drymlu.
- Umræður um að stóriðja sé ekki æskileg, fremur ætti að byggja á öðrum gæðum sem náttúran hefur upp á að bjóða – t.d. lífrænan landbúnað. Tunga er hentug fyrir landbúnað – en hvað með Miðdal?
- Veðja ætti á smáiðnaðinn og smáfyrirtækin. Þá þarf tryggt og öruggt rafmagn, símalínur og aðra gagnaflutninga.
- Lágmarka þarf umhverfisáhrif frá atvinnustarfsemi og halda öllu svæðinu snyrtilegu. Á þetta m.a. við höfnina og úrgang frá sjávarútvegi – slógi hefur verið sturtað í sjóinn og urðað í nágrenni við Ós. Fram hafa komið hugmyndir um að vinna lífrænan áburð úr slógi – spennandi kostur að mati hópsins.
- Mikilvægt er að samhljómur sé á milli stefnu sveitarfélagsins og atvinnulífsins.

6.1 Sjávarútvegur

Meginatvinnuvegurinn í Bolungarvík hefur frá því að byggð tók að myndast verið sjávarútvegur. Sjávarútvegur hefur dregist saman undanfarið og hafa því orðið talsvert miklar breytingar í atvinnulífi svæðisins. Nýjar atvinnugreinar hafa þróast, svo sem í þjónustu. Bolvíkingar leita nú nýrra atvinnutækifæra eins og skýrt kom fram á íbúðingum í febrúar 2007. Ótryggar samgöngur við nágrannasveitarfélögin hafa torvelað uppbyggingu atvinnu í sveitarfélaginu en með nýjum göngum til Ísafjarðarbæjar um Óshlíð verða breytingar þar á og munu þá opnast ný tækifæri.

Bæði neikvæðar og jákvæðar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi síðustu árin. Þeim hefur fækkað sem starfa í greininni, bæði til sjós og lands bæði vegna hagræðingar og kvótaskerðingar.

Stefna

Breytingar í sjávarútvegi síðustu árin hafa haft þau áhrif á fatlaða og öryrkja að erfitt er fyrir þennan hóp að fá vinnu. Þetta hefur leitt til frekari eingangrunar þessa hóps. Vinna og vinnuframlag er öllum mikilvægt, einnig fötluðum, geðfötluðum og öryrkjum og er það slæmt fyrir heilsu fólks sem hefur takmaðaða starfsgetu að hafa ekki tækræri á vinnu sem hæfir getu hvers og eins. Allir hafa þörf á að upplifa sig sem nýtan þjóðfélagsþegn. Bolungarvík skal leggja áherslu á að aðstoða fatlaða, öryrkja og geðfatlaða að finna vinnu sem hentar starfsgetu hvers og eins. Atvinna með stuðningi er einn af möguleikunum í þessu sambandi. Við leggjum ríka áherslu á að allri skulu fá greitt fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi.

Helstu ógnir í sjávarútvegi eru samdráttur í nýtingu fiskistofna, ástand sjávar, þróun markaða, samgöngur, hár flutningskostnaður, léleg hafnaraðstaða, íslenski gjaldmiðillinn ásamt einokun á rekstri hafnar á útflutningi frá landinu.

Helstu þróunarmöguleikar í sjávarútvegi eru fullvinnsla í neytendaumbúðir í framhaldi af fríverslunarsamningi við önnur lönd og litlar vinnslur sem vinna inn á sérhæfðan markað.

Svæði næst höfninni hentar sjávarútvegi fyrst og fremst því að þaðan er hagkvæmast er að sækja fiskinn hverju sinni.

Sjávarútvegur og hátækniðnaður geta farið vel saman. Þjónusta styrkir sjávarútveg en mengandi iðnaður getur veikt greinina. Sjávarútvegur styrkist af góðum flutningum, vantar þess vegna millilandaflugvöll. Ferðaþjónusta gengur vel með öllum atvinnugreinum.

Bolvíkingar eru keppnismenn eins og sæist af harðfylgi þeirra við sjósókn og almennum metnaði til að vera framarlega á öllum sviðum.

Rætt var um fullvinnslu sjávarfangs. Þar kom fram að þótt töluverðum aflu sé landað á Bolungarvík og tvö öflug fyrirtæki sinni fiskvinnslu sé magnið tæpast nóg til að standa undir framleiðslulínum fyrir fullvinnslu í neytendaumbúðir. Hins

vegar mætti gera meiri verðmæti úr gæðum og ferskleika hráefnisins þegar það er selt áfram til frekari vinnslu.

Hagsmunaárekstar um landnotkun munu helst verða ef að áherslur eru lagðar á menningu og listir, en fer eftir staðsetningu.

Sjávarútvegur; í nágrenni við höfnina, iðnaður neðan Aðalstrætis í nágrenni við höfnina, frá Brimbrjót inn að áhaldahúsi. Landbúnaður er í Syðridalur og Tungudalur, Skálavík (beitiland og heyskapur).

6.2 Landbúnaður

Í skipulagsreglugerð segir að á landbúnaðarsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Innan landbúnaðar telst einnig ýmiskonar þjónusturekstur, smáiðnaður, uppbygging heilsársíbúða eða klasabyggðar, eins og t.d. ferðaþjónusta, afþreying, uppeldis- og menntasetur, afurðasala og veitingasala. Smáiðnaður getur talist m.a. léttur iðnaður, verkstæði eða vörugeymslur.

Við uppbyggingu á býlum skal þess gætt að framkvæmdir séu ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en reglugerðir segja til um., t.d. fjarlægð frá vatnsbakka og vegum.

Ef fyrirhugað er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði skal samkvæmt 7.gr. Jarðalaga (nr. 81/2004) leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum liggja fyrir áður en skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Í landbúnaði hafa bæði jákvæðar og neikvæðar breytingar átt sér stað seinustu árin. Samþjöppun og heldur lítil nýliðun í landbúnaði, vöntun á slægnalandi en jákvæð áhrif hafa orðið með aukinni ferðaþjónustu.

Stefna

Þróunarmöguleikar liggja í nægilegu landrými, hreinleiki svæðisins, ósnortin náttúru síst þó í Syðridal. Tungudalur og Skálavík henta landbúnaðastarfssemi helst.

Á íbúáþinginu kom fram að tryggja þyrfti svæði fyrir landbúnað þó að slík starfsemi hafi dregist saman. Rætt var um mikilvægi þess að staðurinn yrði sjálfbær hvað varðar a.m.k. lambakjöts-neyslu og eins væri fengur að því að geta boðið ferðfólki uppá heimafenginn mat, hvort sem væri lambakjöt eða berjasultur.

Sauðfé hefur fækkað en á mótí hefur hrossum fjölgað. Algengt er að bændur haldi eftir hrossum þegar þeir hætta með annað búfé en einnig virðist auðveldara að hefja hrossarækt en annan búskap. Þá eykst hestaeign þéttbýlisfólks og samhliða því ásókn í eyðijarðir fyrir þessi hross. Þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði hefur því þörfin fyrir

landbúnaðarsvæði ekki minnkað sem neinu nemur. Búum hefur fækkað á landsvísu en þau sem eftir eru hafa stækkað. Fjölskyldubúum með fjölpætta framleiðslu hefur fækkað og sérhæfð framleiðslubú hafa komið í staðinn.

Framleiðsla í landbúnaði hefur til þessa beinst að sölu á kjöti og mjólkurafurðum. Segja má að landbúnaður standi á ákveðnum tímamótum. Vísbendingar eru um að þarfir neytenda séu að breytast. Eftirspurn er ekki lengur bundin við vörur sem fullnægja frumpörfum neytandans, s.s. kjöt og mjólk. Neytendur nútímans vilja kaupa landbúnaðarvörur sem tengjast lífstíl og upplifun. Neytandinn kallar eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd. Sem dæmi um þetta er vistvænn, lífrænn og menningartengdur landbúnaður. Landbúnaðurinn hefur því fjölþætt hlutverk (Bjarni Guðmundsson 2005).

Landbúnaður á Íslandi er samfara breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu að verða sjálfbærari en áður. Dæmi um þetta er verkefnið Betra bú sem er samstarfsverkefni nokkurra stofnana og samtaka. Segja má að betra bú sé tæki til að ná eða viðhalda sjálfbærri landnýtingu. Hún byggir á því að landnotandinn sjálfur geri landnýtingaráætlun þ.e. áætlun um beitarnýtingu, jarðrækt, uppgræðslu, túnrækt og skógrækt.

Með breyttum áherslum í landbúnaði og nýjum landbúnaðarafurðum hefur verið rætt um hugtakið menningarlandslag. Landslag felur ekki aðeins í sér náttúrufar, heldur einnig menningarþætti. Menningarlandslag er auðlind til upplifunar sem fræðir um ferla náttúrunnar, menningarsögu og samspil manns og náttúru. Bændur eiga mikinn þátt í þeim mikla vexti sem orðið hefur í ferðaþjónustu hér á landi. Það er m.a. að þakka framboði þeirra á upplifun er tengist búskaparháttum, menningu og sögu, þ.e. menningartengd ferðaþjónusta þar sem sagan og menningin er hluti af söluvöru (Bjarni Guðmundsson).

Það sem getur styrkt landbúnað: Útbúa lífrænan áburð, lífolíu úr slóginu. Græða svo upp landið með lífrænum úrgangi. Þetta eru sóknarfæri miðað við gæði afurðanna. Getur orðið að veruleika þegar hugmyndafræði verkefnisins Beint frá býli verður að veruleika. E.t.v. verður sláturhús á hjólum til staðar. Mjög lítil lyfjanotkun að Ósi.

Yfirlit yfir lögbýli og búskap:

6.2.1 Aukabúgreinar

Æðarvarp

Nytjaskógrækt

Skv. 10.gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innfluting, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m.y.s.

Skógræktarsvæði sem er stærra en 200 ha eða á verndarsvæðum eins og þau eru skilgreind í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

6.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð verslunar- og þjónustusvæða, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra verslunar- og þjónustusvæða eftir því sem þurfa þykir og tengslum svæðanna við aðra landnotkun.

Verslun og þjónusta innan sveitarfélagsins er að mestu leyti innan þéttbýlisins.

6.4 Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er ein af megin undirstöðum íslensks efnahagslífs. Mikill vöxtur hefur einkennt greinina. Árið 2004 fjölgaði komum erlendra ferðamanna til landsins um 13%. Aukning í fjölda ferðamanna sem heimsækja Ísland hefur auk þess verið meiri en á heimsvísu. Tímabilið 1995-2004 fjölgaði ferðamönnum sem sóttu Ísland heim um 69%, á meðan sambærileg aukning í heiminum öllum var um 24% (WTO).

Stefna

Ósvör er aðal ferðamannastaður Bolungarvíkur. Við eigum að gera aðgengi að húsunum þannig að fólk í hjólastólum og aðrir sem eiga erfitt með gang komist leiðar sinnar um svæðið. Auðvelt er að haga framkvæmdum þannig að þær stingi ekki í stúf við umhverfið.

Fjöldi ferðamanna fer uppá Bolafjall á ári hverju. Bæta þarf aðgengi og merkingar þar. Leggja stíga meðfram brún sem auðvelda fólki að skoða og auka öryggi um leið.

Vinsælt er að setjast niður í lundinum við Víkurbæ á góðviðrisdögum en aðgengi að honum er mjög slæmt og laus mól. Varla er hægt að fara með barnavagna þangað hvað þá fyrir fólk í hjólastól eða fólk sem á erfitt með gang.

Áhrif ferðapjónustu á landslag geta verið til hins betra ef rétt er að staðið en athuga þarf sjónmengun. Mikilvægur þáttur í ferðapjónustu er að allt sé vel merkt sem stendur ferðamönnum til boða, t.d. gönguleiðir, söfn og annað markvert, bæði með skiltum og kortaútgáfu. Einnig er upplýsingagjöf til ferðamanna mikilvæg. Rætt var um að upplýsingar þurfi að skila sér betur til ferðamanna. Sú hugmynd kom fram að setja á laggirnar upplýsingamiðstöð sem gæfi rauntímaupplýsingar til ferðamanna. Þannig gætu ferðamenn til dæmis fengið upplýsingar um það hvort aðstæður séu góðar til fjallgöngu, hvort eitthvað sérstakt sé að gerast niður við höfn.

Til þess að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem norðanverðir Vestfirðir geta boðið upp á fyrir ferðamenn, var talið að líta þyrfti til samvinnu við nágrannasveitarfélög um stefnumörkun og uppbyggingu í ferðapjónustu fremur en að keppt yrði um hylli ferðamanna. Meðal þess sem leggja þarf áherslu á er að merkja og markaðssetja gönguleiðir um óbyggðir svæðisins, s.s. á milli Bolungarvíkur, Skálavíkur og Súgandafjarðar.

Á þinginu komu möguleikar í ferðapjónustu víða við sögu og m.a. bent á að í Bolungarvík mætti kynnast mjög fjölbreyttri náttúru, frá fjalli til fjöru, á tiltölulega litlu svæði. Fallegar

gönguleiðir, Bolafjall, Skálavík og fleiri gersemar í nágrenninu standa ferðamönnum til boða. Bolungarvík er vel staðsett gagnvart Hornströndum og flutningi ferðamanna þangað. Siglingaleið er umtalsvert styttri en frá Ísafirði. Bærinn gæti því verið nokkurs konar hlið að Hornströndum þar sem séð væri fyrir kynningu á svæðinu og þjónustu við ferðamenn sem þangað sækja. Lítið er um ferðapjónustu í bænum, t.d. gistirými og veitingastaði og fátt sem dregur inn í bæinn þann mikla fjölda ferðamanna sem heimsækir Ósvör.

Vannýtt tækifæri eru því fyrir hendi. Bent var á að tónlistarlíf væri sérlega blómlegt og tónlistarhátíðir hefðu tekist vel og dregið að sér marga gesti. Þetta mætti nýta enn betur, t.d. með því að koma á fót upptökuveri.

Heilsubæjarátakið hefur mælst vel fyrir og þátttakendur töldu að það hefði lagt grunn að ýmsum sóknarfærum í þjónustu við þá sem vilja efla heilsuna með dvöl í Bolungarvík auk þess gagns sem það gerir bæjarbúum sjálfum.

Bolungarvík var talin áhugaverður vettvangur rannsókna af ýmsu tagi enda góður grunnur fyrir í náttúrugripasafni og rannsóknasetri. Þá var talið að leita ætti nýrra tækifæra í framhaldsmenntun.

Þátttakendur í íbúáþingi töldu að lánastofnanir væru fremur neikvæðar gagnvart viðskiptahugmyndum í Bolungarvík. Sumar hindranir væri þó að finna í hugarfari íbúanna sjálfra, t.d. áhættufælni og ekki síður því að framtíðarsýnin sé óskýr. Það

mætti lagfæra með því að móta stefnu og skýra línur. Leggja þyrfti rækt við frumkvöðla og leiðtoga innan samfélagsins og nýir íbúar hefðu margt gott fram að færa.

Fjárfestar, sjóðir og stjórnálamenn gætu aðstoðað við að efla atvinnulíf en ekki síst þeir Bolvíkingar, sumir brottfluttir, sem komist hafa í álnir eða áhrifastöður á landsvísu. Í Bolungarvík er líka allmargt fólk sem hefur stundað atvinnurekstur og gæti miðlað af reynslu sinni til þeirra sem yngri eru og vilja koma undir sig fótunum. Þörf er fyrir aukna kunnáttu á ýmsum sviðum, svo sem í markaðssetningu, tungumálum og tölvunotkun.

Mjög takmörkuð þjónusta er í boði fyrir ferðamenn í Skálavík. Vilji er til að bæta úr því, m.a. með salernisaðstöðu og tjaldstæði á afmörkuðu svæði.

Ferðamenn hafa haft áhuga á að fylgjast með bæjarlífinu, starfsseminni við höfnina eða heyskap sem er ekki svo langt undan. Kostirnir eru þeir að landbúnaður og sjávarútvegurinn eru saman á tiltölulega litlu svæði.

Rætt lauslega um framtíð ferðapjónustu – m.a. um möguleika á stangveiði með leiðsögn.

- Ósvör og Náttúrugripasafnið verði sýnilegri og sérkenni þeirra dregin meira fram í dagsljósið.
- Tjaldstæði verði með aðstöðu fyrir húsbíla og tjaldvagna auk leiksvæðis fyrir börn.
- Íþróttamannvirki verði notuð til að laða að fjölskyldufólk á ferðalagi.
- Upplýsingamiðstöð verði starfrækt í tengslum við Náttúrustofu og Drymlu.
- Göngustígar verði lagðir og gönguleiðakort gerð.
- Skiltum og leiðarvísingum um staðsetningu sérkenna í Bolungarvík verði komið upp.
- Ferðapjónustan byggji á þjóðlegri menningu og vestfirskri sérstöðu.

- Tjaldstæði geti tekið við húsbílum og leiktæki fyrir börnin.
- Sundlaugagarður
- Samstarf á milli ferðapjónustuaðila þar sem hver og einn hefur sína sérstöðu.
- Sameiginlegar skipulagðar ferðir innanbæjar s.s. Um höfnina, gönguleiðir, leiðsögn um sögusvæði Þuríðar og Þjóðólfs.
- Búið verði til ferðapjónustuklasi.
- Stórbætt salemisaðstaða fyrir ferðafólk.
- Meira gert úr Markaðsdeginum
- Meira gert úr Ástarvikunni
- Starfamaður starfi í Ósvör allt árið
- Minjagripasala efla
- Lifandi sýningar í Náttúrugripasafni s.s. Frá mannlífi í Bolungarvík(Ástarvikan - Þorablótin)
- Þorablótið hverju sinni gefið út á disk og selt ári seinna til styrktar einhverju málefni.
- Umhverfi hafnarinnar verði stórbætt með t.d. bekkjum og borðum.
- Höfnin geti tekið á móti farþegaskipum.
- Samvinna ferðapjónustuaðila verði aukin með útgáfu aðgangspassa í t.d. Sund og á söfn á Vestfjörðum.
- Vetrarparadís verði í botni Hlíðardals(leiðin til Skálavíkur)
- Tónlistarkeppni, vélsleðakeppni og fleiri keppnir.

6.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Svæði fyrir þjónustustofnanir

<i>Auðkenni</i>	<i>Svæði</i>	<i>Notkun</i>	<i>Annað</i>

Kirkjur

Ein kirkja er í sveitarfélaginu, Hólskirkja.

6.6 Iðnaðar- og athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum,

tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

6.7 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Stefna

Með samdrætti í sjávarútvegi og aukningu í ferðaþjónustu hefur hlutverk hafnarinnar breyst. Það þyrfti að bæta skipulag hafnarsvæðis í framtíðinni með frekari tengingum milli hafnarsvæða í framtíðinni, þar verði blönduð starfssemi en með sér aðgengi. Það þarf að sjá til þess að þeir sem þurfa landsvæði til atvinnuuppbyggingar á hafnarsvæðinu fái það svæði sem þeir þurfa. Fiskibátar hafi sín föstu viðlegupláss með góðum rafmagnstengingum (notað í smærri viðgerðir). Sér aðstöðu og viðlegupláss jafnt fyrir sportbáta sem og sjóstangaveiðibáta. Aðstaða fyrir farþegaþáta sem tekur tillit til fjölda farþega og mikils farangurs. Sú aðstaða þyrfti að vera algjörlega aðskilin frá öðrum athafnaplássum. Þarf að vera aðgengilegt og þrífalegt, einnig vantar að útbúa salernisaðstöðu.

Í hópum sem fjölluðu um skipulag kom fram að höfnin verður um fyrirsjáanlega framtíð kjarninn í atvinnulífi bæjarins og hana bæri að styrkja en huga þyrfti jafnframt að þeirri ásýnd sem athafnasvæðin við höfnina og sunnan við hana gefa bænum.

Bolungarvík liggur yst við Ísafjarðardjúp og nokkurn veginn fyrir opnu hafi. Í gengum tíðina hafa mörg þrekvirki verið unnin við gerð hafnarmannvirkja og er Brjóturinn og saga hans dæmi um þetta.

Höfnin og athafnasvæði hennar hafa tekið umtalsverðum breytingum í áranna rás. Starfsemi hefur einnig breyst mikið. Útflutningur sem var einn af hornsteinum hafnarinnar hefur að mestu lagst af og umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í aflabrögðum og hefur haft áhrif á rekstur hafnarinnar. Farþegaflutningar hafa aukist mikið undanfarin ár og er ljóst að farþegaflutningar yfir í Jökulfirði og yfir á Hornstrandir og hugsanlega frístundaveiðar munu gegna veigameira hlutverki í rekstri hafnarinnar í framtíðinni. Unnið hefur verið að skipulagstillögum sem snúa að einstaka þáttum hafnarsvæðisins. Nú er svæðið skipulagt til framtíðar.

- a) Gert er ráð fyrir að strandsiglingar hefjist aftur og því er skipulögð frystigeymsla/fjölnotahús m.a. fyrir beitningarmenn norðanmegin á Brjótum.
- b) Afmarka ferðaþjónustusvæði í tengslum við höfnina og önnur athafnasvæði.

Ferðapjónustu í höfninni er ætlað svæði í kringum árósa Hólsárinnar.

- c) Halda áfram uppbyggingu Hafnargötunnar í anda þess sem gert hefur verið.
- d) Stefnt að því að tengja hafnarsvæði við aðstöðu á Grundum þannig að ekki þurfi að keyra í gengum bæinn með afla. Líklega verður þetta komið í gagnið sumarið 2007.
- e) Landfylling við Grundagarð samkvæmt aðalskipulagstillögu frá 1980.
- f) Gerð verði ferjubryggja fyrir Jökulfjarðasiglingar. Miðstöð þeirra verði í Bolungarvík. Á hafnarbakka verði byggð aðstaða til að taka á móti ferðamönnum – salernisaðstaða o.fl.

6.8 Efnistökusvæði

Samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999 VI. Kafla) er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Áður en slíkt leyfi er gefið skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með efnistöku á landi. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37.gr. laga um náttúruvernd sbr. 47. gr. Sömu laga.

Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku sem er tilkynningar- og matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áður en ákvörðun um matskyldu liggur fyrir og/ eða úrskurður í mati á umhverfisáhrifum

Efnistaka sem ávallt er háð mati á umhverfisáhrifum:

- áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri

Efnistaka sem er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati:

- áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri
- efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná til samans yfir 25.000 m²

Leyfi þarf frá embætti veiðimálastjóra fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Jafnframt kunna einstök svæði að njóta verndar laga um vernd Breiðafjarðar og ber að miða mat á framkvæmdum við það.

Langtímaáætlun Vegagerðarinnar tilgreinir hvaða efnistökusvæðum er áætlað að ganga frá fyrir lok árs 2018.

Tafla að neðan sýnir efnistökusvæði sem eru í dreifbýli sveitarfélagsins, staðsetning þeirra er sýnd á skipulagsuppdraetti.

Efnistökusvæði

Náma	Rétthafi	Staðsetning	Gerð	Stærð	Áætlað efnismagn	Notkun	Stefna um frágang

Stefna

Finna þarf heppileg malarnámusvæði en slík svæði eru takmörkuði í Bolungarvík. Loka ætti Hólsnámu.

7 SAMGÖNGUR

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum, s.s. þjóðvegum og höfnum, svo og helstu umferðaræðum og tengingum við þær. Einnig skal gera grein fyrir flugvöllum og áhrifasvæðum þeirra, sbr. ákvæði laga um loftferðir og skipulagsreglur settar á grundvelli þeirra fyrir viðkomandi flugvelli. Gera skal grein fyrir umferð um helstu vegi og önnur helstu samgöngumannvirki við skipulagsgerð og áætlaðri þróun umferðar á skipulagstímabilinu. Gera skal grein fyrir ráðgerðum leiðum almenningsvagna, þar sem það á við.

Í aðalskipulagi skal eins og kostur er leggja mat á hávaða- og loftmengun frá umferð um helstu samgöngumannvirki, miðað við umferð við skipulagsgerð og áætlaða umferð á skipulagstímabilinu og fjarlægð og tilhögun næstliggjandi byggðar skipulögð með tilliti til þess.

Á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum. Einnig skal gera grein fyrir gömlum þjóðbrautum og göngu-hjólréiða- eða reiðstígum, þegar til staðar eða fyrirhuguðum.

Stefna

Stytta þarf allar leiðir inn á hringveginn, t.d. færa göngin fram í Syðridal og halda áfram gerð jarðganga á svæðinu. Göngin færu úr Syðridal inn á Seljaland í Skutulsfirði og helst að fá útflutningshöfn frá Ísafirði og millilandaflugvöll í nágrennið.

Leggja þarf mikla áherslu á tengingu byggða en einnig aðgengi að útivistarsvæðum. Bæta þarf aðgengi að sandfjörunum og merkja leiðir. Rætt var um möguleika á göngustíg meðfram Syðridalsvatni. Bent var á að þar væri mikið grjóthrun og bleytur. Ráðgjafar munu teikna inn hugmyndir að göngu- og reiðleiðum í samræmi við tillögur frá hagsmunaaðilum. Það verður skoðað nánar á næsta fundi.

Með millilandaflugvelli væri hægt að byggja upp framleiðslufyrirtæki sem framleiða alls konar vörur til útflutnings. Fiskeldi og veiðar á lifandi fisk gætu einnig hafist.

Bundið slitlag á alla byggða bæjji, heilsársveg til Skálavíkur, bundið slitlag að Reiðhjallavirkjun, æskilegt að hafa bundið slitlag upp fyrir vatnsból, og vegur upp á Bolafjall verði haldið við. Ekki verði gert ráð fyrir flugvelli. Almenningsamgöngum verði komið á milli Ísafj. og Bol sem nýtist hinum almenna borgara. Höfnin er í ágætu ásigkomulagi og ætti í framtíðinni að geta tekið við flutningaskipum og stærrri fiskiskipum og aðstöðu fyrir ferðaþjónustu. Reið- og gönguleiðir, átak þarf að gera í þessum málum.

Bættar samgöngur styrkja allar atvinnugreinar og búsetumöguleika.

Þátttakendur á íbúáþinginu ræddu um að hár flutningskostnaður er framleiðsla í Bolungarvík fjötur um fót. Ljóst er að miklar vonir eru bundnar við að göngin geri Ísafjörð og Bolungarvík að einu atvinnu- og þjónustusvæði og muni auka viðskipti og samgang á milli staða.

Rætt var um á íbúáþingi að gatan Árbæjarkantur, sem liggur meðfram hafnarbakkanum, verði framlengd til suðurs að Grundargarði og Sjávarkambi og þannig fást bættar umferðartengingar innan hafnarvæðis. Tengja Hafnargötu við Þuríðarbraut með nýrri brú yfir Hólsá og framlengja Árbæjarkant að Grundargarði. Talin var þörf á að þungaflutningum verði beint niður á Hafnargötu sem verði tengd beint upp á Þuríðarbraut fyrir sunnan Hólsá.

Hugmynd kom upp um hringtorg þar sem Aðalstræti, Skólastígur, Höfðastígur myndu mætast í einum gatnamótum. Kostir og gallar slíks fyrirkomulags voru ræddir; hringtorgið gæti markað byrjun miðbæjarins með afgerandi hætti að sunnanverðu en gæti jafnframt skapað óryggi fyrir gangandi vegfarendur.

Nokkrar umræður voru um tengingu Skólastígs niður í miðbæinn og hvort breyta ætti legu hans niður á Aðalstræti, m.a. til að gera Tónlistarskólann beinni hluta af miðbænum og skapa greiðari tengsl í bæinn. Koma í veg fyrir að Höfðastígur sem liggur meðfram skólasvæði og milli grunnskóla og tónlistarskóla, verði aðal akvegur niður á Þuríðarbraut/Aðalstræti.

Á íbúáþinginu var rætt um að akreinar Aðalstrætis verði þrengdar og göngusvæði breikkað og hellulagt. Gróðri og bekkjum verði komið fyrir á göngusvæðinu. Strætið verði þannig gert gönguvænna og meira aðlaðandi, eftir endilöngum miðbænum. Lögð var áhersla á að aðkomur inn miðbæinn að sunnan og norðan verði auðkenndar á einhvern máta og fegraðar. Megin göngutengsl að miðbænum og í gegnum miðbæinn niður að höfn verði einnig gerð sýnileg og aðgengileg.

Það var rætt um að Bolungarvík sé hentugur staður fyrir ferjusiglingar til Hornstranda, mun styttri siglingaleið en t.a.m. frá Ísafirði. Fram kom að samgöngur á sjó séu takmarkaðar,

sérstaklega eftir að strandflutningar lögðust af. Slíkir flutningar gætu styrkt mjög stoðir framleiðslufyrirtækja sem þurfa að hafa gott aðgengi að mörkuðum.

Stytting aksturstíma til Reykjavíkur var þátttakendum einnig ofarlega í huga. Langtímamarkmið ætti að vera að stytta aksturstíma til höfuðborgarsvæðisins niður í minna en 4 klukkustundir. Fyrstu skref í átt að slíku markmiði væri að bora göng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur og brúa Hestfjörð

Flug til og frá Ísafirði er of takmarkað að mati þátttakenda. Nauðsynlegt að bjóða upp á „næturflog“ þannig að þeir sem eiga erindi til Vestfjarða geti ferðast til og frá svæðinu samdægurs. Þannig gæti aðgengi að „sérfræðingum að sunnan“ til að mynda aukist til muna.

Þá var rætt um að útbúa þurfi reiðleið á milli hesthúsasvæða í Tungudal og Syðridal, þannig að hestamenn þurfi ekki að þræða götur bæjarins. Í tengslum við þá umræðu var nefnt að ákveða þurfi hvar framtíðar hesthúsasvæði og hesta-íþróttasvæði Bolvíkinga eigi að vera.

Halda áfram við gerð göngustíga, mikil notkun göngustígsins að golfvöllinum hefur sýnt fram á að þörf var á. Fjölga þarf göngustígum miðað við góðum viðbrögðum við þeim nýjasta Huga þarf að bættu aðgengi að vinsælum ferðamannastöðum, s.s. Skálavík og Ósvör. Athuga hvort ástæða sé til að setja fram almenna stefnu um nýja vegagerð eða slóðagerð. Vanda skal hönnun og val á efni í göngustíga sem lagðir eru í bæjarfélaginu svo þeir nýtist öllum bæjarbúum. Að sjálfsögðu skulu göngustígar og brýr yfir ár vera með aðgengi fyrir alla bæjarbúa.

8 VEITUR OG SORP

8.1. Sorp

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla. Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi. Sorpförgunarsvæði utan þéttbýlisstaða skal sýna á sveitarfélagsuppdætti en sorpförgunarsvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, áhrifum á aðra landnotkun og öðru sem þurfa þykir.

Stefna

Móttökusvæði sorps er á ágætum stað en bæta mætti þjónustu (opnunartíma). Förgunarsvæði ekki á heppilegum stað og þyrfti að loka/færa.

Sum fyrirtæki þurfa að fara í annað byggðarlag með sorp á eigin kostnað og greiða þ.a.l. hærri sorpgjöld en önnur fyrirtæki. Ljóst er að núverandi staða er kostnaðarsöm og mengandi.

Staðsetning móttöku- og förgunarsvæða þykir heppileg en það þyrfti að endurskoða opnunartíma í sorpmóttökunni. Staðsetning við höfnina þykir góð en ílát eru full lítil. Þegar fólk þarf að losa sig við sorp utan opnunartíma leiðir það til ólöglegar losunar upp á Hóli. Það vekur upp spurningar hvort að það eigi að flokka ruslið og sumir vita að allt er urðað í sama haugnum.

Það má athuga hvort að hægt væri að gera Bolungarvík að "ruslaverkefnisbæ". Þ.e. útvega íbúum flokkunarílát og koma á flokkun í tiltekinn tíma með kennslu og hvatningu. Ef að það reynist vel er má hafa það til lengri tíma.

Á íbúáþingi var sérstaklega rætt um aðkomu inn í þéttbýlið. Að mati þátttakenda mætti gera þar sérstakt átak í að hreinsa brotajárn og annað sem gleður augað lítið. Rætt var um bæði tímabundnar aðgerðir, svo sem að skerma svæðið af og úrræði til langs tíma.

Svokölluð Hólsgrýfja hefur verið helsta sorpsvæði Bolvíkinga. Með tilkomu nýrra lausna var það þátttakendum ofarlega í huga að ganga frá svæðinu, sem blasir við byggðinni. Nálægð við skóla og Hólsána gerir slíkar umhverfisbætur enn brýnni en ella að mati þátttakenda. Að auki var rætt um að auka þurfi vitund í samfélaginu um áhrif mannlegra athafna á umhverfið. Sorpflokkun, endurvinnsla, bætt umgengni og fleira var nefnt í þessu sambandi. Auðveldast væri ef hver og einn tæki til í eigin ranni, voru skilaboð þátttakenda á íbúáþinginu.

8.2. Veitur (vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti, fráveita)

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er í reglugerð þessari átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu.

Stefna

Veitu kerfi innan sveitarfélagsins þjónar þörfum íbúa og atvinnuveg illa, finna þarf leiðir til að styrkja dreifikerfi rafmagns, t.d. með hringtengingu og athuga þarf hvort gera þurfi breytingar á stofnkerfi. Fram kom að ótryggt rafmagn veldur því að ekki er mögulegt að hafa starfsemi á sviði fjarvinnslu en með úrbótum á því sviði kæmu ýmis verkefni, t.d. á sviði opinberrar þjónustu, til greina. Því ber að tryggja stöðugt rafmagn og fjarskipti. Það vantar einnig að bæta fráveitumál fyrir gæði fiskafurða. Vatnsþrýstingur getur oft verið misjafn, jafnvel vatnsskortur að sumarlagi.

Skortir stöðugleika hjá rafveitunni. Ætti að vera þriggja fasa rafmagn í öllu sveitarfélaginu og hringtenging ljósleiðara. Bæta GSM samband. Setja þarf nýja útrás út fyrir höfnina og loka öðrum í framhaldinu.

9 FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL

Íbúum Bolungarvíkur þykir bærinn geyma fjölskylduvænt samfélag, sem að mestu leyti er smæðinni að þakka. Þetta er kostur sem vegur þungt í hugum íbúa, það er stutt í skóla, heilsugæslu og náttúru og lífið þar af leiðandi einfaldara. Breyttar áherslur geta haft mismunandi áhrif á umhverfi og samfélag.

Stefna

Mætti auka ummönnun aldraðra og aðstöðu til þess konar starfssemi. T.d. hafa hvíldarinnlagir.

Miðbær Bolungarvíkur er að mati þátttakenda íbúapingsins við þau gatnamót þar sem Félagsheimilið Víkurbær stendur. Kallað var eftir endurbótum á því húsi og að það verði lifandi menningarmiðstöð. Ungt fólk setti mikinn svip á þingið og meðal þeirra hugmynda má nefna kvikmyndaver og tónlistarháskóla, enda sterk tónlistarhefð í Bolungarvík.

Núverandi stefna í réttinda og jafnræðismálum er að batna, bæjarfélagið er að gera eins vel og það getur, en það má alltaf gera betur. Það þarf að passa upp á að allir í sveitarfélaginu hafi jafnan aðgang að menntun og sameiginlegri þjónustu. Efla þarf félagsþjónsutu og greiningu á þörf fyrir félagsþjónustu. Félagsmálafulltrúi skal vera starfandi og skal sá fulltrúi vera þjónustufulltrúi bæjarbúa allra og skal aðgengi að fulltrúanum vera auðvelt á allan hátt. Bæjarbúar skulu eiga auðvelt með að fá upplýsingar sem þeir þurfa og er heimasíða Bolungarvíkur góð leið til kynningar á þjónstu.

Reglur sem settar hafa verið um velferðarþjónustu nýtast ekki þeim sem þurfa að nota hana. Reglur eru of stífar, ekki er nægjanlegur sveigjanleiki til staðar, en hann er nauðsynlegur enda breytilegt hversu mikla þjónsutu fólk þarf frá einum tíma til annars.

Bolungarvík er fjölmeningarsamfélag og allt bendir til þess að þróunin verði áfram í þá átt. Því þarf að vera á verði gagnvart þeirri hættu að í bænum skapist tvö samfélög, sögðu þátttakendur og var kallað eftir stefnu um móttöku nýrra íbúa í öllu samfélaginu, af öllum þjóðernum, innlendum jafnt sem erlendum. Taka þarf tillit til nýrra íbúa og kynna þeim þjónsutu þannig að allir hafi jafnana aðgang að velferðarþjónustu óháð þjóðerni. Bæta þarf þjónustustig, aðgengi að upplýsingum og aðstoð við úrlausn mála.

Þátttakendur á íbúapingi þóttu tungumálakennsla vera lykilatriði, bæði fyrir börn og fullorðna. Fram kom sú hugmynd að grunnskólabörn lærðu eitthvað í helstu tungumálum íbúanna af erlendum uppruna. Þá kom fram hugmynd um að koma á fót fósturfjölskyldum þar sem íslensk fjölskylda myndi „fóstra“ félagslega eina erlenda fjölskyldu.

Þá er ekki síst mikilvægt að mati þátttakenda, að opna betur boðleiðir milli hópanna þannig að ljóst sé hverjir eru talsmenn og hvernig koma mætti á framfæri upplýsingum um atburði í bæjarlífinu og annað þess háttar sem leiðir til þess að innlendir og erlendir íbúar blandi geði.

Það var mat hópsins að í bænum ríki ákveðinn doði gagnvart nánasta umhverfi. Farið sé að bera á stéttaskiptingu og fjárhagslegri mismunun í samfélaginu. Þarna sé vissulega verk að vinna, sem snúist um að viðhalda og efla samfélagsvitundina, með virkri þátttöku

allra. Afraksturinn birtist m.a. í öflugu félagsstarfi og því að fólk láti sigsamfélagið og umhverfið varða.

Styrkur Bolungarvíkur er það samfélag sem þar dafnar. Stærstu verðmætin felast í traustum fjölskylduböndum, vináttu og sameiginlegum sigrum samfélagsins. Þetta finna íbúar best á samkomum og hátíðum þegar hjörtu Bolvíkinga slá í takt og þegar samfélagið hefur unnið sameiginlega sigra. Yngri kynslóðin kann vel að meta stuttar vegalengdir, náungakærleika og nálægð við fólk. Gleðilegum tíðindum er fagnað, t.d. þegar hjól atvinnulífsins snúast og þegar nýir íbúar setjast að í Víkinni.

Veiku hlekkirnir í samfélaginu eru hins vegar þeir að lítil endurnýjun er í félögum og samtökum sem leiðir til þess að mest mæðir á sama fólkinu í forystusveit til langs tíma. Afþreying nútímans í formi sjónvarps- og tölvunotkunar, dregur úr samveru.

Breyta má megináherslum í félags- og velferðarmálum, það vantar m.a. upp á skilvirkni og það mætti manna fleiri stöður. Bolungarvík þarf að hafa góða velferðarþjónsútu sem nýtist notendum til bættra lífsgæða. Virðing skal sýnd í garð notenda og mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þetta er viðkvæmmur málaflokkur og skulum við leitast við að gera fólki það sem auðveldast að fá þjónustu sem það þarf.

Liðveisla skal vera einstaklingsmiðuð og liðveislutímar sveigjanlegir yfir árið. Oft koma tímabil, t.d. sumarið, þar sem þörf fyrir liðveislu er meiri en vanalega. Þjónstunotendur skulu eiga kost á að nota tímana þannig að þeir nýtist þeim sem best. Svo sem safna tímum og nota eingöngu yfir sumartímann þegar leikskóli er lokaður. Lokun leikskóla á sumrin gerir foreldrum fatlaðra barna oft erfitt fyrir enda erfitt að fá pössun fyrir börn með miklar sérþarfir. Spurning er hvort leikskólinn þurfi yfir höfuð að loka yfir sumarið.

Leitast skal við að fá mentað fólk eða fólk með reynslu til að sinna liðveislu. Þjónstunotendur skulu hafa tillögurétt og val um starfsfólk.

Bolungarvík skal hvetja starfsfólk sitt sem sinnir félags- og velferðarþjónustu til að leita sér menntunar sem nýtist til betri þjónustu í málaflokknum.

Bolungarvík skal veita fötlðum börnum og börnum með sérþarfir þá þjónustu sem þau þurfa í skóla og leiksóla. Ef ekki fæst sérmenntað fólk í auglýstar stöður skal sveigjanleiki vera til að semja við verktaka um ávkeðin verkefni, t.d. þroskaþjálfu, iðjuþjálfu og sjúkraþjálfu.

Aðgengi að stofnunum bæjarins skal vera fyrir alla. Allar þær byggingar sem þjónusta almenning skulu vera með aðgengi fyrir alla. Hér minnumst við sérstaklega á bæjarskrifstofur, leik- og skólahúsnæði og heilsugæslu, -sú er ekki reyndin í dag.

Bolungarvík skal hafa frumkvæði og umsjón með ferlinefnd. Í þeirri nefnd skal einn fulltrúi frá hagsmunasamtökum sitja ásamt tæknifræðingi og fulltrúa bæjarfélagsins. Ferlinefndin skal sjá um að framkvæmdir sem fara á í samræmist stefnu Bolungarvíkur, bæ með aðgengi fyrir alla.

Áherslur í samgöngumálum fyrir fatlaða eru engar nú. Sérleyfishafi sem keyrir yfir á Ísafjörð hefur enga aðstöðu til að taka fatlaða í bíl sinn. Þessi þjónusta er þó mikilvæg og eru notendur ferðanna þeir sem þurfa að fara á flugvöll, sjúkrahús, menntaskóla og

Íþróttæfingar svo dæmi sé tekið. Nauðsynlegt er að gera kröfur á sérleyfishafa að hann sé með bíla sem geti tekið hjólastóla.

Í Íþróttamiðstöðinni Árbæ er ekki gott aðgengi fyrir fatlaða hvorki m.t.t. aðkomu inni húsið eða milli staða innanhúss. Fatlaðir sem þurfa sér klefa geta ekki gengið að honum án þess að hringja á undan sér og láta tæma klefann sem notaður er sem þrifageymsla. Fleiri ástæður en hjólastólanotkun geta verið fyrir þörf á sér klefa. Fötlun er oft ekki öllum sýnileg.

Bolungarvíkurkaupstaður ætti að gera ríkisstofnunum eins og Svæðiskrifstofu um málefni fatlaðra kleift að vera með þjónustu sína og starfsstöð í Bolungarvík.

Úr stefnsuskrá Þroskahjálpar:

- Stuðning vegna fötlunar skal veita samkvæmt almennum landslögum og félagsþjónsutu sveitarfélaga gert kleift að sinna félagslegum þörfum þeirra sem búa við fötlun eins og annarra Virða ber manngildi, grunnþarfir og rétt allra manna. Þau mannréttindasjónarmið, réttindi og skyldur sem liggja til grundvallar íslenskrí samfélagsskipan taka einnig til þeirra sem takast á við fötlun og fjölskyldna þeirra.
- Full þátttaka í samfélaginu eru mannréttindi sem eiga jafnt um alla, óháð færni og aldri. Þessi mannréttindi ná til allra þátta lífsins.
- Til að takast á við þær hindranir sem fötlun tengjast skal viðkomandi og fjölskylda hans njóta stuðnings samfélagsins í samræmi við þarfir hvers og eins.

Gera ráð fyrir heilsugæslu áfram (lækni).

Þjórða persónulega þjónustu.

Þjórða þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Byggja nýja öldrunardeild.

Á íbúáþinginu var hugtakið félagsauður (Social Capital) notað þegar rætt var um hvernig megi viðhalda og efla samfélagslega auðlegð Bolvíkinga.

Í þessu hugtaki felast

„...þau sambönd, stofnanir, reglur og traust sem móta samskipti og samvinnu og leiða til sameiginlegs ávinnings í samfélaginu” .

Því hefur jafnvel verið haldið fram að félagsauður sé í reynd 25% af efnahagskerfinu, meðan mannauður sé önnur 25% og efnislegur auður sé 50%.

Í samkeppni sveitarfélaga um fólk og fyrirtæki er mikilvægt að standa vörð um góð skilyrði fyrir fjölskyldusamveru og spurning hvort Bolvíkingar geti skapað sér einhverja sérstöðu á því sviði. Meðal hugmynda sem þátttakendur nefndu var að

miðla þekkingu og reynslu með því að leiða saman eldri borgara og þá yngstu, báðum til gagns og gleði. Stungið var upp á styttingu vinnuvikunnar og að Bolungarvík gæti orðið „Bær barnanna”.

Einnig má nefna:

- Samvinna í samfélaginu til að ná sameiginlegum markmiðum.
- Ríkulegur félagsauður hefur jákvæð áhrif á hegðun fólks og viðheldur heilbrigði og hamingju í samfélaginu.
- Net persónulegra sambanda og samtaka, sem getur stuðlað að aukinni lífsfyllingu einstaklinganna og skapað sameiginlegan styrk í samfélaginu.
- Felur í sér bæði óformlega fundi og formleg samtök, t.d. ípróttafélög, æskulýðsfélög, hverfafélög o.fl.
- Þátttaka almennings í tengslum við stefnumótun og ákvarðanir í bæjarfélagi getur stuðlað að eflingu félagsauðs.
- Traust er lykilatriði.

Menntun, fullorðinsfræðsla og samstarf skóla var ofarlega á baugi í umræðu um samfélag Bolvíkinga. Þá mætti auka samskipti ýmissa hópa, t.d. yngri og eldri borgara og ekki síst samskipti erlendra íbúa og hinna íslensku. Töldu þátt-takendur að allt samfélagið þurfi þar að leggjast á eitt, vinnustaðir, stofnanir og leiðtogar í samfélaginu, af innlendu og erlendu bergi. Húsnæði vantar fyrir félagsstarf eldri íbúa en almennt var mikil ánægja með opinbera þjónustu í Bolungarvík

Hópur sem ræddi um næstu skref, velti því sérstaklega fyrir sér hvað það gæti þýtt ef Bolungarvík ætlaði sér að vera „Hraustur bær“. Þar var vísað til heilbrigðis í víðustu merkingu þess orðs, líkamlegs, andlegs og félagslegs. Hreystin nær í þessum skilningi til umhverfisins, efnahagslegrar stöðu og samfélagsins. Þátttakendum þótti þó ekki nóg að nota eingöngu hugtakið hraustur og því varð til

yfirskriftin „Hraustur bær, traustur bær“.

Bolvíkingar eiga sér þann draum að þeim muni takast að standa vörð um samfélagsleg verðmæti og að frumkvæði og kraftur einkenni fjölmeningarsamfélag framtíðarinnar, þar sem íbúum fer vonandi fjölgandi. Byggt verði á styrk Bolungarvíkur og á þeim grunni sem þegar er til staðar, s.s. Heilsubæjarverkefni. Keppnisskap Bolvíkinga verði virkjað og samfélagið einkennist af sköpun, frumkvæði og samheldni, þannig að Bolungarvík verði líka „traustur bær“.

Tölvur og áhugaleysi foreldra og annarra íbúa.

10 OPIN SVÆÐI OG ÚTIVIST

Stefna

Góðar aðstæður til útivistar og tómstunda eru mikilvægar og einnig ætti að leggja áherslu á fleiri atvinnumöguleika fyrir háskólamenntað fólk samhliða blómlegum sjávarútvegi. Framtíðarsýn íbúa er sú að Bolungarvík verði „hraustur bær“ í víðustu merkingu þess

orðs, á sviði umhverfis, efnahags og samfélagsins. Vildu þinggestir sjá að umhverfið verði áfram jafn fallett og að íbúum fjölgi í fjölskylduvænu samfélagi þar sem í boði eru fjölbreytt atvinnu-tækifæri fyrir alla, án stóriðju.

Barnavöllur við tónlistarskóla er í mjög slæmu ásigkomulagi. Aðgengi að vellinum er slæmt fyrir utan að leiktæki og girðing eru illa farin. Breidd á hliði þarf þarf að vera þannig að auvelt sé að komast með tvíburakerru þarna í gegn, en dagmömmur bæjarins hafa í gegnum árin verið duglegar að nota þennan leikvöll.

Það mætti setja leiktæki niður á opnum svæðum í íbúðabyggð en að öðru leyti í góðu lagi. Tenging útivistar- og íþróttasvæða mætti vera meiri. Bæta þarf aðgengi/aðkeyrslu að fótboltavöllum Bolungarvíkur og golfvelli.

Aðstaða og aðgengi fyrir fatlaða á útivistar og íþróttasvæðum Bolungarvíkur er ekki góð. Þátttakendur á íbúabínginu nefndu að leiksvæði vantaði ekki, enda tækju leiksvæðin sem náttúran hefur skapað öllu því fram sem mannhöndin getur gert. Í þessu samhengi var sérstaklega rætt um fjallshlíðarnar, grassvæði sunnan við bæinn og ströndina á milli Ósvarar og þéttbýlisins. Að auki nefndu íbúarnir bryggjuna og íþróttasvæði Bolvíkinga sem fyrirtaks „leikvelli“. Fram kom áhugi á því að íþróttasvæði verði áfram sunnan við bæinn.

Fjölga þarf göngu og reiðleiðum, lagfæra skíðasvæði og koma upp gönguskíðaleiðum. Stækka golfvöllinn í 18 holu völlum, gera ráð fyrir að byggja knattspyrnuhöll yfir núverandi æfingarsvæði. Tryggja þarf hestamönnum nýtt svæði undir hesthúsabyggð, æfingavöll og tilheyrandi. Gera þarf endurbætur á leiksvæði við Tónlistarskólann, koma upp leiksvæði við skógræktina, koma upp leiksvæði við snjóflóðavarnargarðinn. Bæta þarf aðgengi að sandfjörunni (ströndinni)

Stækkun á golfvelli geta haft neikvæð áhrif á landbúnað og frístundabyggð en jákvæð áhrif á samfélagið. Fjölgun og lagfæring leiksvæða hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif en í stærstum hluta jákvæð áhrif. Fjölgun á göngu og reiðleiðum getur haft jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið.

Höfnin er mikið ferðamannasvæði. Gott væri að afmarka svæði þar sem gangandi vegfarendur mega vera og geta fylgst með því sem fram fer við höfnina. Þessi svæði skulu vera vel merkt og með góðu aðgengi fyrir alla.

Þátttakendur íbúabíngs líta á miðbæinn sem hjarta bæjarins og aðal samkomustaðinn. Þar koma bæjarbúar saman við ýmis tækifæri ýmist innan eða utan dyra. Svæðið þarf því að skipuleggja sem torgsvæði eða garðsvæði, sem verður rammað inn af félagsheimilinu og öðrum byggingum og/eða gróðri. Rætt var um að gera Aðalstræti að sérstaklega gönguvænni götu. Þannig væri hægt að þrengja akreinar og breikka göngusvæði og helluleggja það. Götuna væri hægt að gera enn meira aðlaðandi með því að koma fyrir gróðri og bekkjum á göngusvæðinu. Strætið verði þannig lifandi aðalstræti, líkt og nafnið gefur tilefni til, sem liggur eftir endilöngum miðbænum.

Þátttakendur bentu einnig á mikilvægi þess að huga að öðrum stígum í bænum, þannig að það ýti undir gangandi umferð. Sérstaklega var bent á miðbæinn í þessu sambandi, sem og göngutengingar niður að höfn.

Nú eru framkvæmdir að hefjast við snjóflóðavarnargarð ofan Bolungarvíkur og eru göngustígar, útsýnisstaður og áningarstaður áætlaðir á og við garðinn. Við leggjum ríka áherslu að ferlinefndin vinni með framkvæmdaraðilum svo garðurinn verði útivistarsvæði fyrir alla.

Aðal áherslur eiga að vera á gott aðgengi að öllum útivistarsvæðum og góð lýsing.

Göngustígur að golfvelli dæmi um vel heppnaða framkvæmd. Reynist vel til útivistar og bætir aðgengi barna og unglunga að golfvelli, gerir leiðina mun öruggari. Þarf þó að bæta lýsingu, göngustígurinn nýtist ekki allur á veturna vegna myrkurs.

Þarf að útbúa æfingahring með upphaf og endi við íþróttahús þar sem nokkrar æfingastöðvar væru á leiðinni. Sjáum þetta fyrir okkur eins og útskot út úr hlaupabrautinni þar sem mynd er af æfingum til að gera og einnig yrðu tæki til æfinga. Hlaupabrautin á ekki að vera malbikuð. Annað hvort hafa undirlag úr gúmmii eða mól. Útskot yrðu að vera með mjúku undirlagi.

Á íbúáþinginu var rætt um að samkvæmt heilsuhringshugmyndinni, lægi annar hringurinn í kringum byggðina og tengdist til að mynda útsýnisstað á snjóflóðavarnargarði og lífinu niðri við höfn. Þessi hringur yrði töluvert lengri en þrekhingurinn og aðaláhersla hans er á mannlíf og byggð.

Hugmynd þátttakenda var að þriðji heilsuhringurinn myndi liggja meðfram þjóðvegi til suðurs og til baka meðfram ströndinni. Þar yrði aðaláhersla lögð á nálægð við náttúru. Sá hringur yrði sá lengsti og gæfi allt aðra upplifun. Þar væri áherslan lögð á afslöppun og tengingu við náttúruna og hafið.

Á íbúáþinginu var rætt um hversu mikilvæg íþróttasvæðin eru í ásýnd bæjarins og um að lagfæra þyrfti gamla völlinn og finna honum fleiri hlutverk, en þar eru haldnar glæstar þrettándabrennur. Einnig þyrfti að laga gryfju þar við hliðina. Einnig var bent á að klára þurfi íþróttavöll sunnan við bæinn. Annars voru þátttakendur voru almennt ánægðir með ástand og framboð opinna svæða í bænum. Í umræðu um Hólsá og nærsvæði hennar kom fram að þátttakendur vildu almennt ekki breyta ásýnd eða notkun þess svæðis. Lögð var áhersla á að Hólsá fengi að halda sér og að bakkar hennar yrðu áfram græn svæði fyrir íbúa bæjarins. Rætt var um að endurvekja veiði í ánni, sérstaklega við ósa hennar, nálægt höfninni.

Breyttar áherslur geta haft þau áhrif á umhverfi og samfélag, að hvetja fólk til þess að fara út sem og eykur hreyfingu bæjarbúa. Bætt heilsa fólksins undirstrikar Bolungarvík sem Heilsubæ.

Hópur sem hafði það verkefni að fjalla um „villta drauma“ á íbúáþinginu kaus að fjalla um útivist og heilbrigðan lífsstíl í sínum víðasta skilningi. Þannig komu til dæmis fram hugmyndir um að útbúa útivistarsvæði neðan Búðarkants, milli Brjós og Lækjarbryggju og jafnvel lengra, koma fyrir kláf á milli Traðarhyrnu og Óshyrnu (Karlakláfurinn), bjóða upp á þyrluflug upp á Bolafjall, byggja opið hringleikhúss í gryfjunni (Bolungarvík Arena) koma fyrir aðstöðu til fiskiskoðunar niðri við höfn, útbúa ylströnd sunnan við hafnarsvæðið ásamt fjölmörgum öðrum hugmyndum.

Rætt var um uppbyggingu gönguleiða í bænum. Líkt og í umræðu um útivistarmál tengdu þátttakendur gönguleiðir og stíga við verkefnið Heilsubærinn Bolungarvík. Til að vel eigi

að vera og bærinn eigi að standa undir nafni sem heilsubær verði íbúum og gestum að standa til boða góðar og áhugaverðar gönguleiðir við flestra hæfi.

Íþróttastarfi í Bolungarvík hefur ekki verið gert mjög hátt undir höfði. Það væri hægt að byggja fótboltahús með frjálsíþróttastöðu og fyrir flestar af íþróttæfingum barna. Með því gætum við eignast afbragðs íþróttafólk og fengið forskot á Ísafjarðarbæ. Það væri hægt að byggja flotta og öfluga sundlaug og þar með eignast afreksfólk í sundi. Það ætti að taka yfir sundíþróttastarfið og einbeita að frekari uppbyggingu.

Heilsutengdar atvinnugreinar er styrkur fyrir alla, t.d. hægt að taka hópa í æfingabúðir. Gæti leitt til fjölgunar á störfum þjálfara, húsvarða o.fl. t.d. fer mikið land undir fótbolta hús en það getur bara litið vel út.